

Fjármálaráðuneytið  
Tekju- og lagaskrifstofa

4. desember 1997

### Minnisblað

Varðandi tillögu Verslunarráðs um breytingu á 7. gr. frumvarps til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða

Greinarmunur er gerður á lífeyrisskuldbindingum starfsmanna og öðrum tegundum skuldbindinga sem menn takast á herðar í atvinnurekstri. Iðgjaldshluti launþega er samkvæmt kjarasamningum skilgreindur sem hluti af vinnulaunakröfum sem tilheyrir nánar tilteknum starfsmönnum öfugt við skattkröfur sem tilheyra að jafnaði hinu opinbera. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að um er að ræða skuldbindingu sem ábyrgðarsjóður launa ábyrgist við gjaldþrot vinnuveitenda, en samkvæmt lögum um sjóðinn ábyrgist hann fyrir hönd lífeyrissjóðs, iðgjöld sem fallið hafa í gjalddaga síðustu 18 mánuði fyrir frestdag að nánar uppfylltum skilyrðum.

Þessi greinarmunur kemur enn fremur fram í því að sú háttsemi atvinnurekenda að standa ekki skil á fé til lífeyrissjóðs sem haldið hefur verið eftir við útborgun launa til starfsmanna, heldur dregið atvinnurekstrinum, hefur af dómstólum verið talin varða við 247. gr. almennra hegningarlaga um fjárdrátt. Það skal tekið fram að sú háttsemi að standa ekki skil á vörslusköttum, þ.e. staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatti, getur einnig í ákveðnum tilvikum verið refsiverð skv. 247. gr. alm. hgl. en sérrefsiákvæði skattalaga og ákvæði 262. gr. alm. hgl. eins og þeim var breytt með lögum nr. 39/1995 og 42/1995, er jafnan beitt um þau tilvik. Síðastgreind refsíákvæði ganga mun lengur en ákvæði 247. gr. alm. hgl. að því leyti að eftir þeim verður unnið til refsingar með því einu að láta ógert að skila umræddum gjöldum í ríkissjóð á tilskildum tíma, sbr. dóm Hæstaréttar uppkveðinn 12. júní sl.

Samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga er lýst refsivert að draga sér fjármuni eða önnur verðmæti sem maður hefur í vörslum sínum en annar maður er eigandi að og varðar slíkt brot allt að sex ára fangelsi. Hafi maður notað peninga annars manns heimildarlaust í sjálfs sín þarfir, þá skal honum refsað fyrir það hvort sem honum hefur verið skylt að halda peningunum aðgreindum frá sínu fé eða ekki.

Það er hugtaksatriði fjárdráttarbrotis að viðkomandi hafi dregið sér fé, sem þýðir í því tilviki sem hér um ræðir, að atvinnurekandi hafi notfært sér fé með þeim hætti að það hafi farið í rekstur hans. Þannig fellur sú háttsemi sem lýst er í tillögu Verslunarráðsins í sjálfu sér ekki nema að hluta til undir ákvæði 247. gr. alm. hgl., en það eru jafnframt líkur fyrir því þegar iðgjöld skila sér ekki til lífeyrissjóðs að þau fari í rekstur fyrirtækis sérstaklega ef vanskilin eiga sér stað í lengri tíma, og er í því sambandi vísað til dóms héraðsdóms Reykjaness uppkv. 29. júní sl.

Verknaðarlýsing fjárdráttar sem og annarra auðgunarbrota er skilgreind í almennum hegningarlögum. Ef það er vilji löggjafans að undanskilja ákveðna háttsemi refsingu er því réttast að hegningarlögunum sjálfum sé breytt í stað þess að tilgreina refsiverða háttsemi í sérlægum og undanskilja hana refsingu þar. Með hliðsjón af þessu verður að leggjast gegn því að umrædd tillaga nái fram að ganga.